

REGLUGERÐ

um skipun hjálparliðs almannavarna.

1. gr.

Almannavarnanefndir fara með skipulagningu hjálparliðs almannavarna, hver í sínu umdæmi, eftir því, sem nánar segir í reglugerð þessari.

2. gr.

Lögreglustjóri skipar í hjálparlið að fengnum tillögum almannavarnanefndar, og er hverjum manni á aldrinum 18—65 ára skylt að gegna án endurgjalds starfi í hjálparliði almannavarna í umdæmi, þar sem hann dvelst.

Ákvörðun lögreglustjóra um skipun í hjálparlið má skjóta til dómsmálaráðherra.

Ef hætta vofir yfir eða tjón hefur orðið, má kveðja hvern mann 16 ára og eldri, sem tiltækur er, til tafarlausrar aðstoðar við hjálparlið.

3. gr.

Almannavarnanefnd sér um þjálfun hjálparliðs í umdæmi sínu, og fer um þjálfun eftir starfsreglum, sem forstöðumaður almannavarna setur.

Hver, sem starfar í hjálparliði, er skyldur að taka þátt í námskeiðum og æfingum, sem hann hefur verið kvaddur til, og ber honum að hlýða fyrirmælum og fara eftir starfsreglum.

4. gr.

Almannavarnir ríkisins halda námskeið fyrir yfirmenn og leiðbeinendur í hjálparliði.

5. gr.

Sá, sem starfar í hjálparliði, á rétt á bóttum vegna meiðsla eða tjóns, sem hann kann að verða fyrir í slíku starfi.

6. gr.

Hjálparlið almannavarna skal aðstoða við eftirtalin verkefni: eldvarnir, björgun og sjúkraflutninga, ruðningsstarf, hjálparstarf vegna tjóns af völdum geislavirkni, sýkla eða eitrefna, löggæzlu, fjarskiptaþjónustu og félagslegt hjálparstarf.

7. gr.

Heimilt er almannavarnanefnd, meðan skipun hjálparliðs og þjálfun er á byrjunarstigi, að fresta skipulagningu og þjálfun hjálparliðs, að því er tekur til einstakra verkefna, samkvæmt 6. gr.

8. gr.

Stærð hjálparsveita skal vera sem hér segir:

Í umdæmi með allt að 3500 íbúa ekki færri en 35 menn, í umdæmi með 3500—6000 íbúa ekki færri en 60 menn, í umdæmi með 6000—10000 íbúa ekki færri en 100 menn, og síðan 100 manna sveit á hverja 10 000 íbúa.

Almannavarnanefnd ákveður tölu manna í hjálparsveitum, en heimilt er henni með sérstöku samþykki almannavarnaráðs að hafa hjálparsveit fámennari en gert er ráð fyrir í 2. mgr.

9. gr.

Forstöðumaður almannavarna veitir leiðbeiningar um starfsskiptingu innan hversrar hjálparsveitar, svo og um lágmarksbúnað hjálparliðs, en að öðru leyti kveður almannavarnanefnd á um þessi atriði.

10. gr.

Heimilt er almannavarnanefnd að semja við starfandi björgunarsveitir áhugamanna um að annast ákveðin verkefni á sviði almannavarna.

11. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 9. gr. laga nr. 94/1962, sbr. 4. gr. laga nr. 30/1967, öðlast gildi þegar í stað.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 25. apríl 1969.

Jóhann Hafstein.

Ólafur W. Stefánsson.

29. apríl 1969.

Nr. 108.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Mortens Hansen, skólastjóra, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 29. apríl 1969.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningarsjóð Rasmus Mortens Hansen, skólastjóra.

1. gr.

Sjóðurinn nefnist Minningarsjóður Mortens Hansen, skólastjóra.

2. gr.

Sjóðurinn var stofnaður árið 1923 af kennurum Barnaskóla Reykjavíkur. Nú er sjóðurinn kr. 22 902.19 í Sparisjóði Landsbankans, bók nr. 22571.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að efla áhuga nemenda Miðbæjarskólans á lesgreinum þ. e. landafræði, náttúrufræði, kristnum fræðum og sögu.

Árlega skal veita einum eða fleiri nemendum í 6. bekk, þ. e. við barnapróf, verðlaun eða viðurkenningu fyrir ritgerðir um efni úr framantöldum greinum.

Ritgerðirnar skulu samdar í skólanum fyrir lok aprilmánaðar. Nemendur fá að velja um þrjú verkefni í hverri grein. Stjórn sjóðsins ákveður á hverju ári, hvort ritgerðarverkefni skulu vera úr öllum greinunum eða jafnvel aðeins úr einni þeirra.

Við úthlutun verðlauna og viðurkenningar má taka tillit til vinnubóka og próf-einkunna.

4. gr.

Til verðlauna skal verja sem næst $\frac{3}{4}$ af vöxtum sjóðsins.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa skólastjóri Miðbæjarskólans og tveir af kennurum skólans, sem 6. bekkjar kennarar þess árs, er um ræðir, kjósa.

Kosning skal fara fram fyrir 1. okt.

Stjórnin úthlutar verðlaununum.